



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis

1. mars 2016 kl 13:50

Fundur haldinn í Gljúfrastofu í Ásbyrgi

Mætt: Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir fulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Grétar Ingvarsson fulltrúi samtaka útivistarféлага, Óli Halldórsson fulltrúi Norðurbings og formaður, Böðvar Pétursson fulltrúi Skútustaðahrepps og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir settur þjóðgarðsvörður. Arnheiður Jóhannsdóttir fulltrúi ferðamálasamtaka og Ásvaldur Ævar Þormóðsson fulltrúi Þingeyjarsveitar boðuðu forföll. Óli stýrði fundi og Jóhanna Katrín ritaði fundargerð.

- 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, með síðari breytingum.** Á fundi 19. janúar 2016 setti svæðisráð norðursvæðis fram ályktun þar sem tekið er undir fram komnar athugasemdir frá svæðisráði vestursvæðis til stjórnar um umrætt frumvarp. *Sá samhljómur er ítrekaður, en að auki bætt við eftirfarandi:*
 - a. Svæðisráð norðursvæðis telur lögini miðað við núverandi stöðu ítarleg sem slík. Miðað við þær reglugerðir og ákvæði sem sett hafa verið í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins síðan lög um þjóðgarðinn voru sett 2007, væri nær að lagatexti yrði skorinorðari en kveðið yrði á um nánari útfærslur í reglugerðum eða í stjórnunar- og verndaráætlun.*
 - b. Svæðisráð norðursvæðis gerir alvarlegar athugasemdir við þann anda laganna sem miðar að aukinni miðstýringu. Þeir hlutar í núverandi breytingatillögum sem snúa að auknu valdi framkvæmdastjóra rýra stórlega áhrif svæðisráða, stjórnar og þjóðgarðsvarða. Sú þróun væri þvert á þann tilgang sem lagt var upp með við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs; að yrði samstarfsverkefni með aðkomu sveitarstjórna og félagasamtaka með raunverulegu vægi svæðisráða og stjórnar í ákvarðanatöku.*
 - c. Auk ofangreindra atriða er varða anda laganna og umfang, gerir svæðisráð norðursvæðis athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins á minnisblaði til stjórnar (fylgir sem viðhengi fundargerðar).*
- 2. Skipulagsferli innan VJP – Ásbyrgi og Vikraborgir.** Skipulagsferli innan VJP þykir óskýrt er varðar ferla utanaðkomandi mála (sbr. fundargerð síðasta svæðisráðsfundar) sem og innanhúss. Varðandi ferla skipulags innan VJP er ferlið skv. upplýsingum framkvæmdastjóra svo að þjóðgarðsvörður og svæðisráð leggja fram tillögu sem þarf samþykkt stjórnar áður en fer í almennt kynningarferli hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Þetta fyrirkomulag þyrfti að skilgreina formlega. Deiliskipulagsuppráttur fyrir Ásbyrgi liggur fyrir fundi stjórnar VJP á morgun, deiliskipulagsupprætti fyrir Vikraborgir verður að líkum lokið innan tveggja vikna.
- 3. Umsögn um virkjun Svartár við Vaðöldu.** Tillaga að deiliskipulagi smávirkjunar í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi hefur verið lögð fram til formlegrar umsagnar hjá VJP með skilafresti til 26.mars n.k.

Settum þjóðgarðsverði falið að vinna drög að umsögn sem lögð verði fyrir svæðisráð í tölvupósti.

4. **Opinber fjármál – til kynningar.** Fjallað um yfirstandandi vinnu varðandi opinber fjármál.
5. **Starfsmannahús í Ási.** Svæðisráð leggur áherslu á að eðlilegu viðhaldi verði sinnt svo húsnæðið megi verða til sóma fyrir nýjan þjóðgarðsvörð.
6. **Önnur mál**
 - a. **Erindi Fálkaseturs Íslands.** Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Ari Páll Pálsson stjórnarmenn í Fálkasetri Íslands mættu til fundar og kynntu aðdraganda stofnunar Fálkaseturs Íslands, starfsemi þess og framtíðarhorfur. Í Ásbyrgi eru kjöraðstæður með tilliti til fræðslu um fálkan; tækifæri til fræðslusýningar um fálkan sem gátt út á gönguleiðir, sem leiða að búsvæði fálkans sem verndar sig sjálfkrafa vegna aðstæðna á svæðinu.
Svæðisráð ræddi málið og mun fylgja því eftir við nýjan þjóðgarðsvörð í Ásbyrgi, með tilliti til mögulegs vægis í fræðsluáætlun Vatnajökulþjóðgarðs og hluta af fræðslusýningu í Gljúfrastofu í kjölfarið.
 - b. **Snyrtihús við Dettifoss vestan ár.** Lóð undir snyrtihús við Dettifoss vestan ár hefur nú verið þinglýst hjá Hagstofu. Bygging snyrtihúss fer í útboð á vegum Framkvæmdasýslunnar innan skamms.
Svæðisráð fagnar eindregið þessum áfanga. Við frekari uppbyggingu og útfærslu mannvirkja leggur svæðisráð áherslu á að hugað verði að útliti og afstöðu mannvirkja með tilliti nærumhverfis og útsýnis.
 - c. **Ráðning þjóðgarðsvarðar í Ásbyrgi.** Umsóknarfrestur er runninn út, ráðningarferlið rætt. Miðað verði að því að hraða ferlinu svo sem mögulegt er vegna fyrirliggjandi verkefna og mannfæðar heilsársstarfsmanna á svæðinu.
 - d. **Ásbyrgi – vettvangsskoðun og umræða vegna deiliskipulags.** Staðsetning hótellóðar rædd og skoðuð úr Gljúfrastofu.

Fundi slitið kl. 16:15.



Minnisblað

Athugasemdir frá svæðisráði norðursvæðis til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, með síðari breytingum.

Á fundi 19. janúar 2016 setti svæðisráð norðursvæðis fram ályktun þar sem tekið er undir fram komnar athugasemdir frá svæðisráði vestursvæðis um umrætt frumvarp. Sá samhljómur er ítrekaður, en að auki bætt við eftirfarandi:

- a. *Svæðisráð norðursvæðis telur löggin miðað við núverandi stöðu ítarleg sem slík. Miðað við þær reglugerðir og ákvæði sem sett hafa verið í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins síðan lög um þjóðgarðinn voru sett 2007, væri nær að lagatexti yrði skorinorðari en kveðið yrði á um nánari útfærslur í reglugerðum eða í stjórnunar- og verndaráætlun.*
- b. *Svæðisráð norðursvæðis gerir alvarlegar athugasemdir við þann anda laganna sem miðar að aukinni miðstýringu. Þeir hlutar í núverandi breytingatillögum sem snúa að auknu valdi framkvæmdastjóra rýra stórlega áhrif svæðisráða, stjórnar og þjóðgarðsvarða. Sú þróun væri þvert á þann tilgang sem lagt var upp með við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs; að yrði samstarfsverkefni með aðkomu sveitarstjórna og félagasamtaka með raunverulegu vægi svæðisráða og stjórnar í ákvarðanatöku.*
- c. *Auk ofangreindra atriða er varða anda laganna og umfang gerir svæðisráð norðursvæðis eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins:*
 1. 6.gr. 7.liður: Í stað „Að gera tillögu til ráðherra að skipan framkvæmdastjóra“ verði: „Stjórn skal ráða sér framkvæmdastjóra“.
 2. 8.gr. 3.liður: Í stað „Að samþykkja tillögu að rekstraráætlun...“ verði: „Að hafa yfirumsjón með gerð rekstraráætlunar“.
 3. 8.gr. b.liður: „Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.“ *Falli út, sbr. athugasemd við 6.gr. 7.lið að ofan.*
 4. 9.gr. 2ml. Málsgrein sem er í núverandi tillögu en lagt til að falli út verði *haldið inni* óbreyttri í heild sinni „Á þeim rekstrarsvæðum þar sem eru tvær meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins er heimilt að ráða tvo þjóðgarðsverði. Stjórn ákveður verkaskiptingu milli þjóðgarðsvarða á sama rekstrarsvæði í samráði við svæðisráð...“ Svæðisráð norðursvæðis hefur þegar ályktað um að nýta ákvæðið.
 5. 10.gr. 3ml: „Þjóðgarðsvörður ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði í samráði við framkvæmdastjóra „ *Falli ekki brott líkt og núverandi tillaga gerir ráð fyrir.*
 6. 10.gr. 6.liður: í stað: „Að vinna rekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir viðkomandi rekstrarsvæði í samráði við framkvæmdastjóra“ verði: „Að vinna rekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir viðkomandi rekstrarsvæði í samráði við svæðisráð og framkvæmdastjóra“.

7. 15.gr 3.mgr: „Setja skal í reglugerð ákvæði um tjöldun, umferð gangandi vegfarenda, ríðandi og hjólandi manna, sem og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulsþjóðgarði.“ Tillaga ætti að líkindum frekar heima í stjórnunar- og verndaráætlun en í reglugerð.
8. 15.gr. 7.mgr: „Liggi landsvæði eða lífríki undir skemmdum og talið er nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða getur viðkomandi þjóðgarðsvörður, í samráði við framkvæmdastjóra, tekið ákvörðun um tímabundna lokun afmarkaðs svæðis fyrir umferð.“ Viðbótin „í samráði við framkvæmdastjóra“ *falli út* þar sem hún þyngir mjög ferli í aðstæðum sem getur þurft að bregðast skjótt við og hefur þegar í ákvæðinu varnagla um auglýsingu.
9. 15.gr.b: „Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, s.s. vegna kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt í samráði við framkvæmdastjóra, að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru.“ Nauðsynlegt væri að bæta við heimildum til sektarákvæða sé viðkomandi leyfa ekki aflað. Stærri brot varða sektum sem hvergi eru skilgreindar – eða brottvísun úr þjóðgarðinum, sem er flókin aðgerð án aðstoðar lögreglu.
10. 17.gr 3.mgr: „Árlega skal haldinn sameiginlegur ársfundur stjórnar, Umhverfisstofnunar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem fjallað skal um málefni þjóðgarðsins, kynningu hans og heildarstefnumörkun.“ Tillagan gerir ráð fyrir að liðurinn falli út, en talið jákvætt að verði látið standa – enda stuðli slíkt skilyrði að sameiningu stofnana, sem er mikilvægur þáttur í eflingu málaflokksins.